








ÁRSSKÝRSLA 2022






ÁRSSKÝRSLA 2022

SKÝRSLA STJÓRNAR 5

ÁRSREIKNINGUR 29





STARFSEMIN

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Á árinu 2022 störfuðu þrjú hjá Tónverkamiðstöð, Valgerður G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri, Oliver Kentish sem starfaði við afgreiðslu, skráningu og innleiðingu ISMN númera og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem starfaði við skráningu á frumhandritum nótna og nótnagjöfum til miðstöðvarinnar, yfirferð á nótnasafni í Landsbókasafni og innleiðingu ISMN númera.

Skert starfsemi og tekjuskerðing vegna kórónuveirufaraldurs hafði umtalsverð áhrif á rekstur miðstöðvarinnar á árinu 2022. Síðla árs 2020 samþykkti starfsfólk að starfa í lægra starfshlutfalli til að koma til móts við tekjufall miðstöðvarinnar í kórónuveirufaraldrinum og störfuðu áfram samkvæmt því árið eftir og til 1. júlí 2022. Fyrstu sex mánuði ársins 2022 voru starfshlutföll því þannig: Valgerður var í 80% starfi, Oliver í 20% starfi og Aðalheiður í 30% starfshlutfalli. Frá 1. júlí fóru Valgerður og Oliver í starfshlutfall skv. ráðningarsamningi. Aðalheiður sagði starfi sínu lausu á árinu og lauk störfum 1. september. Í framhaldinu tók Egill Gunnarsson að sér skráningarvinnu í verktöku og starfaði að skráningum og frágangi verka síðustu fjóra mánuði ársins. Egill er tónskáld og er einnig stjórnarmaður hjá Tónverkamiðstöð. Samhliða skertu starfshlutfalli var opnunartími afgreiðslu Tónverkamiðstöðvar skertur og viðeigandi sóttvarnaráðstafanir gerðar eftir því hvaða sóttvarnareglur og takmarkanir voru í gildi. Opnunartími breyttist eftir sumarleyfi þannig að opið var þrjú daga í miðri viku, frá kl. 10 til 14. Viðskiptavinir voru áfram beðnir um að tilkynna komur sínar fyrirfram. Valgerður, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar sagði starfi sínu lausu undir lok árs 2022. Oliver Kentish ákvað einnig að hætta störfum hjá Tónverkamiðstöð og luku þau bæði störfum hjá miðstöðinni um áramót 2022/2023. Við starfslok var samanlagður starfsaldur þeirra þriggja starfsmanna sem hættu störfum hjá Tónverkamiðstöð um það bil þrjátíu og fjögur ár.

Í lok árs réði stjórn Tónverkamiðstöðvar Signýju Leifsdóttur aftur til starfa sem framkvæmdastjóra miðstöðvarinnar frá áramótum 2022/23. Signý var framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar á árunum 2013 til 2018 og þekkir því vel til starfsemi miðstöðvarinnar.

Kórónuveirufaraldurinn setti mark sitt á þjóðfélagið í upphafi ársins 2022 en öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum var aflétt 25. febrúar 2022. Starfsemi Tónverkamiðstöðvar var því skert fyrstu tvo mánuði ársins, til samræmis við þær reglur sem giltu. Eins og komið hefur fram á nýliðnum árum stendur rekstrarstyrkur ráðuneytis menningarmála ekki undir nema hluta rekstrarkostnaðar Tónverkamiðstöðvar. Styrkurinn er ekki vísitölubundinn og hækkar því um krónutölu við endurnýjun samninga, takist að semja um það. Framkvæmdastjóri hafði óskað eftir samtali um viðbótarframlag eða hækkuðum rekstrarstyrk frá því síðasti samningur rann út, um áramót 2018/19. Stærsti hluti rekstursins er launakostnaður en rekstrarstyrkurinn hefur ekki haldið í við launaþróun þannig að lítið sem ekkert svigrúm hafði verið til launahækkana. Eins væri erfitt að mæta hækkuðum húsnæðiskostnaði nema með aukafjárveitingu en mikil óvissa var um húsnæðismál miðstöðvarinnar allt árið 2022. Það var því ljóst að eftir heimsfaraldurinn yrði erfitt að koma starfsemi í fyrra horf án tilkomu aukafjárveitinga, sérstaklega þar sem nótnasala var ekki nema hluti af því sem hún var fyrir heimsfaraldur.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra og Valgerður Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar eftir undirritun samninga.

Í lok maí bar svo til að ráðuneytið boðaði til undirskriftar nýs rekstararsamnings sem gilda átti út árið 2022. Einnig var boðað að tónlistarmiðstöðvarnar tvær – Tónverkamiðstöð og Útón – fengju hvor um sig tíu milljóna króna viðspyrnuframlag

vegna kórónuveirufaraldursins. Sá styrkur kom til viðbótar rekstrarstyrk ráðuneytisins en gerður var samningur um óbreyttan rekstrarstyrk fyrir árið 2022 – 15,6 milljónir króna. Viðspyrnustyrknum var ætlað að rétta við það sem aflaga hafði farið í kórónuveirufaraldrinum og brúa bilið í rekstri þar til ný tónlistarmiðstöð tæki við um áramótin 2022/2023. Styrkirnir áttu að koma til greiðslu við undirritun en fyrir mistök í skjalaskráningu í ráðuneytinu var ekki byrjað að greiða samkvæmt nýjum samningum fyrr en tæpum tveimur mánuðum síðar. Þetta olli óneitanlega óþægindum í annars knöppum fjárhag miðstöðvarinnar en á móti kom að starfsemi var í lágmarki á þessum tíma þar sem starfsmenn voru í sumarleyfum og kostnaður þess vegna minni en ella.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar ákvað að hækka laun starfsmanna í takt við þróun launavísitölu frá 1. janúar 2019 til 1. júní 2022 en almenn laun höfðu ekki hækkað í mörg ár og langt frá því í takt við launaþróun. Laun framkvæmdastjóra höfðu til að mynda ekki hækkað síðan 2017. Laun og launatengd gjöld námu í heild um 15,3 milljónum árið 2022.

Rekstrargjöld ársins voru rúmar 22,5 milljónir en rekstrarstyrkur ráðuneytis var 15,6 milljónir árið 2022 eins og undanfarin ár. Tekjur miðstöðvarinnar af nótnasölu og leigu tónverka stóðu straum af umtalsverðum hluta rekstrarkostnaðar ásamt því að standa undir útgjöldum vegna kynningarstarfs. Nótnasalan er þó langt frá því á pari við góð rekstrarár en hafði vaxið jafnt og þétt árin fyrir faraldur.

Stjórn Tónverkamiðstöðvar hélst óbreytt frá aðalfundi 2021: Gunnar Andreas Kristinsson og Þuríður Jónsdóttir, meðlimir í Tónskáldafélagi Íslands (TÍ), Egill Gunnarsson, utan TÍ og Bergljót A. Haraldsdóttir sem er fulltrúi RÚV í stjórn. Gunnar Andreas er formaður stjórnar en lög félagsins kveða á um að formaður stjórnar skuli vera annar af tveimur meðlimum í TÍ. Aðalfundur ÍTM 2022 samþykkti hækkun stjórnarlauna þar sem sýnt þykir að mikil vinna og ábyrgð sé framundan þegar kjarnastarfsemi Tónverkamiðstöðvar færir í nýja tónlistarmiðstöð. Almenn stjórnarlaun hækkuðu þannig úr 100 þúsund krónum í 200 þúsund krónur en formaður er með tvöföld stjórnarlaun.

HÚSNÆÐISMÁL

Tónverkamiðstöð hefur verið starfrækt að Laugavegi 105 síðan í apríl 2014. Miðstöðin deilir þar húsnæði með öðrum tónlistartengdum aðilum. Aðrir aðilar með starfsemi í húsnæðinu árið 2022 voru ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar), Tónlistarborgin Reykjavík, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga og Iceland Sync. Fleiri aðilar hafa haft aðstöðu í húsnæðinu til skemmri tíma.

Langtímageymsla nótna- og handritasafns Tónverkamiðstöðvar er í kjallara Þjóðar-bókhöðunnar í þar til úthlutuðum hillum.

Húsnæðismál skrifstofu og afgreiðslu Tónverkamiðstöðvar hafa verið í biðstöðu frá því að Nýsköpunarmiðstöð var lögð niður. Vitað var að ákvarðanir varðandi nýja tónlistarmiðstöð myndu hafa mikil áhrif á húsnæðismál miðstöðva tónlistar og var því nokkur óvissa vegna þessa allt árið 2022.

GAGNAGRUNNUR

Eins og getið var um í síðustu ársskýrslu er gagnagrunnur Tónverkamiðstöðvar nánast óaðgengilegur. Gagnagrunnurinn liggur til grundvallar vefversluninni og eru nýskráð verk þess vegna ekki sýnileg í vefversluninni. Miðstöðin varðveitir nýskráð verk í rafrænum gagnageymslum miðstöðvarinnar sem þar sem verkasafn miðstöðvarinnar er jafnframt varðveitt á rafrænu formi.

Tónverkamiðstöð ráðgerði að innleiða nýtt skráningar- og sölukerfi sem allra fyrst en verkefnið var háð viðbótarfjármagni. Þegar viðspyrnustyrkur ráðneytisins barst voru áform um stofnun nýrrar tónlistarmiðstöðvar komin til framkvæmda en kjarnastarfsemi Tónverkamiðstöðvar verður hluti af nýju miðstöðinni og þar með skráning og sala nótna. Ný vefverslun og sölukerfi yrði þess vegna hluti af nýrri tónlistarmiðstöð og voru áform um nýja vefverslun Tónverkamiðstöðvar því lögð til hliðar.

HEIMASÍÐA

Heimasíða Tónverkamiðstöðvar er upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir kaupendur að nótum inn í vefbúð miðstöðvarinnar, shop.mic.is þar sem hægt er að fletta þeim nótum sem þegar eru skráðar í vefverslunina. Enski hluti síðunnar er aðallega hugsaður sem millilending fyrir kaupendur að nótum.

Tónverkamiðstöð heldur úti lista á heimasíðu miðstöðvarinnar með yfirliti yfir styrki sem tónlistarmenn á Íslandi geta sótt í hér innanlands og utan. Styrkjalistinn er mikið nýttur og vitnað til hans víða.

RÁÐGJÖF

Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi Tónverkamiðstöðvar og er starfsfólk miðstöðvarinnar ætíð reiðubúið til samtals við tónskáld, flytjendur, tónlistarstjóra og skipuleggjendur tónlistarhátíða.

ÚTGÁFUSAMNINGAR

Jón Leifs er eina tónskáldið sem er með sérstakan útgáfusamning við miðstöðina. Þar er getið um að Tónverkamiðstöð sé eini útgefandi verka Jóns Leifs og nær samningurinn til allra verka tónskáldsins. Í samningnum er ákvæði um að 33% af

höfundargreiðslum STEFs renni til Tónverkamiðstöðvar og hafa þessar greiðslur farið inn á sérreikning. Innistæða reikningsins stendur straum af kostnaði sem fellur til vegna umsýslu og viðhalds á tónverkum Jóns og hafa verkefni fram að þessu helst snúið að tölvusetningum á nótum svo verkin séu frambærileg í nútíma tónlistarumhverfi. Útgáfusamningurinn var framlengdur í apríl 2019 og framlengist sjálfkrafa um fimm ár sé honum ekki sagt upp með árs fyrirvara.

Fyrir nokkrum árum var ráðist í svokallaða *Kórverkaútgáfu* en þá voru gerðir sérstakir samningar við tónskáld um sérútgáfu Tónverkamiðstöðvar á samræmdri tölvusetningu á ákveðnum kórverkum. Verk í *Kórverkaútgáfunni* báru hærri höfundahlut en önnur kórverk. Töluvert er síðan miðstöðin stóð að slíkri sérútgáfu nótna og hafa fjölmörg kórverk bæst í safn miðstöðvarinnar síðan. Þau verk báru öll lægri höfundahlut en verkin í *Kórverkaútgáfunni*. Til að gæta samræmis var tekin sú ákvörðun að frá og með 1. janúar 2021 bera öll kórverk í safni miðstöðvarinnar 20% höfundahlut en almennt er höfundahlutur 10% af söluandvirði nótna. Þetta á eingöngu við um kórverk án undirleiks eða með einu meðleikshljóðfæri.

NÓTNAGJAFIR

Tónverkamiðstöð berast af og til nótnagjafir og einkasöfn tónskálda til yfirferðar og skráningar. Vegna stofnunar nýrrar tónlistarmiðstöðvar hefur Tónverkamiðstöð ekki tekið við nótnagjöfum nýlega heldur einbeitt sér að skráningum og frágangi þeirra verka sem þegar eru hjá miðstöðinni.

TÖLVUSETNINGAR

Á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar eru leiðbeiningar um nótnasetningu eða tölvusetningu nótna sem eru uppfærðar í samráði við Össur Geirsson, ráðgjafa Tónverkamiðstöðvar.

Tónverkamiðstöð stendur eingöngu fyrir tölvusetningu handskrifaðra verka elstu kynslóðar tónskálda. Miðað er við að flutningur verks sé fyrirliggjandi og viðkomandi verk sé eingöngu til í handskrifuðu handriti. Aðkoma Tónverkamiðstöðvar er háð fjármögnun tölvusetningarinnar og er sótt um styrk fyrir þeirri vinnu í Nótнасjóði STEFs. Þetta á þó ekki við um verk Jóns Leifs þar sem hlutur Tónverkamiðstöðvar í höfundagreiðslum STEFs stendur straum af tölvusetningu verka hans. Á árinu 2022 fékkst styrkur úr Nótнасjóði til tölvusetningar á þremur verkum. Barnaóperan *Rabbi Rafmagnsheili* eftir Þorkel Sigurbjörnsson var tölvusetta af Þórði Magnússyni en verkið var síðan flutt á tónlistarhátíðinni Erkitíð. *Veislan á Sólhaugum* eftir Pál Ísólffson og ballettónlistin *Ég bið að heilsa* eftir Karl Ó. Runólfsson var tölvusetta af Össuri Geirssyni en bæði verk voru áætluð til upptöku eða á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu 2022/23.

Nótnasafnið og nótnasalan

ISMN-NÚMER

ISMN-númer eru alþjóðlegur númerastaðall sérstaklega fyrir útgáfu nótna. Skammstöfunin stendur fyrir International Standard Music Number sem er hluti af ISO-staðlinum og er systurnúmerakerfi ISBN-númerakerfisins sem er notað í bókaútgáfu. Landsbókasafn Íslands úthlutar númeraröðum og er númeraröðin sem Tónverkamiðstöð er úhlutað bundin miðstöðinni sem útgefanda. Skrá yfir íslenska nótnaútgefendur og notendur ISMN-númera er svo hluti af International ISMN Database (<https://www.ismn-international.org/>).




Starfsmenn við skráningu vinna í hlutastörfum og tekur skráning ISMN-númera eldri verka vanalega um þriðjung starfstíma þeirra en þeir sinna einnig sölu, afgreiðslu og upplýsingagjöf ásamt öðrum störfum sem lúta að nótnasafninu. Í heimsfaraldrinum dró verulega úr nótnasölu og umsýslu tengdri henni. Þess í stað var gerð gangskör að því að ISMN-númerasetja verkasafn einstakra tónskálda og er nú búið að númerasetja rétt um fjögur þúsund tónverk í safni Tónverkamiðstöðvar. Kórónuveirufaraldurinn hafði meðal annars í för með sér að minna var um beina umsýslu nótna vegna nótnasölu og leigu hljómsveitaverka. Þess vegna gafst aukið svigrúm til að yfirfara eldri verk, setja nýjar forsiður og skrá þau með ISMN-númeri. Á móti kemur að starfsmenn unnu í lægra starfshlutfalli frá 1. september 2020, allt til 1. júlí 2022 og hefur það óhjákvæmilega áhrif á verkefnið.

NÓTNASALA

Tekjur af nótnasölu og leigu tónverka voru rétt um 11% af heildartekjum ársins 2022 en um 16,5% ef sérstakur viðspyrnustyrkur er ekki talinn með. Til viðmiðunar má nefna að sambærilegar tekjur námu 22% af heildartekjum árið 2019 og er það skýrt merki um samdrátt í nótnasölu í kórónuveirufaraldrinum.


Markmiðið er að nótnasalan standi undir sér, því rekstrarstyrkur miðstöðvarinnar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er ætlaður fyrir launa- og rekstrarkostnað vegna umsýslu nótnasafnsins og kynningarstarfs. Hin seinni ár hefur nótnasalan hins vegar einnig staðið undir kynningarstarfinu og hluta rekstrarins þar sem beinn rekstrarstyrkur ráðuneytisins er ekki vísitölutengdur og hefur ekki hækkað í mörg ár.

Tekjurnar eru almennt nokkuð breytilegar frá ári til árs en heimsfaraldur vegna Covid-19 setti sitt mark á rekstur miðstöðvarinnar á árinu 2022. Nótnaleiga er sem fyrr stór breyta í tekjuöflun Tónverkamiðstöðvar og skiptir hver pöntun miklu máli í heildarmyndinni. Sú staðreynd að tónleikahús um allan heim lokuðu árið 2020, hljómsveitir lögðu niður starfsemi til lengri eða skemmri tíma og flytjendur héldu að sér höndum í tekjuskerðingu eða tekjuleysi, skilar sér beint í samdrætti í nótnaleigu.



Heildartekjur af sölu og leigu tónverka árið 2022 voru 3.274.570 kr. sem er 70% aukning frá árinu á undan. Þetta er þó langt frá því sem var árið 2019 en þá voru sambærilegar tekjur um 5,5 milljónir króna. Þetta sýnir glögglega áhrif kórónuveirufaraldurs á þennan mikilvæga hluta af starfsemi Tónverkamiðstöðvar og ekki síður á starfsumhverfi íslenskra samtímatónskálda. Súluritinn hér á eftir sýna heildartekjur af sölu og leigu tónverka árin 2017-2022, bæði samanlagðar og sundurliðaðar eftir söluleiðum.

HEILDARSALA OG LEIGA TÓNVERKA 2017-2022




Vefverslun Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haustið 2015 og hefur salan þar aukist jafnt og þétt frá opnun, eða allt þar til heimsfaraldur skall á. Orðspor og vitund um vefverslunina hafði byggst upp jafnt og þétt frá opnun hennar árið 2015 og var árið 2019 það söluhæsta í vefversluninni frá upphafi. Þrátt fyrir að ómögulegt væri að skrá verk í bakenda vefverslunarinnar frá árinu 2021 hélt sala áfram. Af tæknilegum ástæðum var hins vegar ekki lengur hægt að kaupa verk í vefversluninni frá 1. janúar 2022 og voru tekjur miðstöðvarinnar af nótnasölu í vefverslun eftir því.

Greiðslur til höfunda vegna hlutdeildar í sölu og leigu nótna árið 2022 reiknast samtals 379.652 kr. og greiðist til tuttugu og fjögurra tónskálda.


Sinfóníuhljómsveit Íslands var eins og oft áður stærsti viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvar en Menntaskólinn við Hamrahlíð fylgdi þar á eftir. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hefur markvisst verið að byggja upp nótnasafn sitt undir stjórn Hreiðars Inga Þorsteinssonar og keypt prentuð eintök af íslenskum kórverkum í umtalsverðu magni.

Á næstu tveimur myndum má sjá samanburð á mánaðarlegri og uppsafnaðri heildarsölu ársins 2022 borið saman við árið 2021. Hér er tekin saman sala og leiga tónverka sem fór fram í gegnum afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldar tekjur sem koma af sölu í vefverslun Tónverkamiðstöðvar.

MÁNAÐARLEG OG UPPSÖFNUÐ SALA TÓNVERKA 2021 OG 2022



MÁNAÐARLEG OG UPPSÖFNUÐ LEIGA TÓNVERKA 2021 OG 2022



Eins og áður segir eru tekjur af leigu tónverka stærsti einstaki tekjupósturinn í rekstri og ársreikningi miðstöðvarinnar. Fimmtán tónverk eftir tólf íslensk tónskáld voru leigð á árinu 2022. Þau eru:

Ós eftir Báru Gísladóttur
 Harmonikku-konsert eftir Finn Karlsson
 Grisaille eftir Gunnar Karel Másson
 Skálholtsmessa eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson
 Iceland Overture Op. 9 eftir Jón Leifs
 Adagio eftir Jón Nordal
 Gríma eftir Jón Nordal
 Eldur eftir Jórinni Viðar
 Adagio eftir Magnús Blöndal Jóhannsson
 Clockworking eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur
 Oceans eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur
 Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar eftir Pál Ísólfsson
 Veislan á Sólhaugum eftir Pál Ísólfsson
 Yfirráðandi kyrrð eftir Pál Ragnar Pálsson
 Flow & Fusion eftir Þuríði Jónsdóttur

NÝ TÓNLISTARMÍÐSTÖÐ

Á árinu 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra Starfshóp um Tónlistarmiðstöð. Valgerður G. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar sat í starfshópnum fyrir hönd miðstöðvarinnar en aðrir sem sæti áttu í hópnum voru Jakob Frímann Magnússon sem var jafnframt formaður starfshópsins, Bragi Valdimar Skúlason formaður SAMTÓNS, STEFs og FTT, Bryndís Jónatansdóttir yfirverkefnastjóri hjá ÚTÓN, Eiður Arnarsson framkvæmdastjóri FHF, Gunnar Hrafnsson sem fulltrúi BÍL og formaður FÍH, María Rut Reynisdóttir verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur og Baldur Þórir Guðmundsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sólrún Sumarliðadóttir áfangastjóri Menntaskóla í tónlist var ritari starfshópsins. Skipun starfshópsins tók gildi 1. desember 2020 en fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 11. janúar 2021. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjölbreyttra hagsmunaaðila í tónlistarlífi landsins og ólík sjónarmið og áherslur þeirra komu fram í vinnu hópsins. Haldnir voru tólf vinnufundir á tímabilinu 11. janúar 2021 til 3. mars 2021 auk fjögurra funda í smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni. Á milli vinnufunda skipti starfshópurinn með sér verkum þar sem hver og einn aflaði upplýsinga skv. sérþekkingu á þeim sviðum sem unnið var með. Niðurstöður þeirrar rannsóknarvinnu voru vandlega yfirfarnar á vinnufundum hópsins og sameiginlegum niðurstöðum náð. Einnig var skipaður vinnuhópur sem fékk endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar. Sá hópur fundaði sérstaklega og lagði fram drög að endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar fyrir starfshópinn.

Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum „ætlað að rýna umhverfi tónlistargeirans á Íslandi, skoða hvernig stuðnings- og sjóðakerfi tónlistar verði best skipulagt, leggja drög að tónlistarstefnu og skilgreina hlutverk og ramma Tónlistarmiðstöðvar sem ráðgert er að setja á laggirnar.“

Hópurinn skilaði skýrslu til ráðuneytisins 5. mars 2021 sem birt var á vef Stjórnarráðsins 7. júní 2022 þar sem hún er aðgengileg. Meðal fylgigagna var ályktun stjórnna Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar (sjá næstu síðu) en framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar kynnti stjórnunum vinnu starfshópsins, skýrsludrög og hugmynd að skipulagi hinnar nýju miðstöðvar á fundi 23. febrúar 2021.

Lítið fréttist meira af undirbúningi Tónlistarmiðstöðvar árið 2021. Skýrsla starfshópsins var kynnt munnlega fyrir aðalfundi Tónverkamiðstöðvar árið 2021 en þar sem hún var ekki gerð opinber af hálfu ráðuneytis menningarmála fyrr en í júní 2022 var ekki hægt að dreifa henni til kynningar. Til tíðinda dró í upphafi árs 2022 þegar ráðherra menningarmála tilkynnti fyrirhugaða stofnun Tónlistarmiðstöðvar sem

hluta af sérstakri viðspyrnu til handa tónlistar- og sviðslistageiranum. Í mars 2022 réð ráðuneyti menningarmála verkefnastjóra yfir stofnun miðstöðvarinnar og var ráðgert að ný Tónlistarmiðstöð tæki til starfa í upphafi árs 2023.

Að tillögu framkvæmdastjóra samþykkti stjórn að Gunnar Andreas Kristinsson stjórnarformaður og Hjálmar H. Ragnarsson sem fulltrúi réttshafa, myndu vera í forsvari fyrir Tónverkamiðstöð í viðræðum við ráðuneytið varðandi stofnun hinnar nýju miðstöðvar. Valgerður framkvæmdastjóri tók einnig þátt í viðræðunum, veitti upplýsingar, aðstoð og aðgang að gögnum eins og við átti. Þegar líða tók á árið færðist samtalið æ meira inn á borð stjórnar, til að halda öllum vel upplýstum um gang mála og voru stjórnarmeðlimir boðaðir til samtals hjá ráðuneytinu. Þegar líða tók að framkvæmdastjóraskiptum tók Signý Leifsdóttir þátt í samtalinu við ráðuneytið enda kæmi það einnig í hennar hlut að fylgja málum eftir inn í nýja tónlistarmiðstöð.

Tónverkamiðstöð, Tónskáldafélagið og FTT stóðu að kynningarfundum fyrir tónskáld um hina nýju tónlistarmiðstöð og fyrirkomulag sjóðaumsýslu. Fundurinn var haldinn 31. maí í sal FÍH og var vel sóttur. Verkefnisstjóri tónlistarmiðstöðvar, Bryndís Jónatansdóttir kynnti fyrirkomulag hinnar nýju miðstöðvar og nýs tónlistarsjóðs og var ráðherra menningarmála, Lilja Dögg Alfreðsdóttir til svara í umræðum á eftir.

Með tilkomu nýrrar tónlistarmiðstöðvar mun kjarnastarfsemi Tónverkamiðstöðvar, þ.e. nótnaumsýsla, sala og leiga á nótum að verkum íslenskra tónskálda, ásamt varðveislu- og kynningarstarfi sem snýr að íslenskum tónverkum færast til hinnar nýju miðstöðvar. Þar með er viðbúið að starfsemi Tónverkamiðstöðvar leggist af eftir samfellda starfsemi síðan 1968.

Kynningarmiðstöðin

Tónverkamiðstöð vinnur beint og óbeint að kynningum á tónverkum í safni miðstöðvarinnar og nýtir til þess tengslanet og viðskiptavild sem byggst hefur upp í gegnum rúmlega fimmtíu ára starf. Ný tengslamyndun er mikilvæg sem og efling og ræktun þeirra tengsla sem fyrir eru. Með þetta að markmiði tekur miðstöðin þátt í alþjóðlegu starfi og í venjulegu ári hefur framkvæmdastjóri sótt alþjóðlega fundi og ráðstefnur, t.d. Classical Next. Tónverkamiðstöð er félagi í Alþjóðasambandi tónverkamiðstöðva (IAMIC) og fylgist vel með starfsemi annarra samtaka sem styðja við framgang samtímatónlistar. Ný samtök tónlistarmiðstöðva á Norðurlöndum – STATUS – hófu samtal árið 2021 og var því haldið áfram árið 2022. Tekjur af nótnasölu standa straum af stærstum hluta kynningarstarfsins. Samdráttur í nótnasölu hefur þannig bein áhrif á umfang kynningarstarfsins.

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkum músíkdögum 2021 var frestað ítrekað þar til ljóst varð að hátíðin gæti ekki farið fram fyrr en árið 2022. Hátíðin fór samfelld fram 1. til 8. mars. Tónverkamiðstöð var í góðu samtali við skipuleggjendur hátíðarinnar í aðdraganda hennar en hátíðin hófst með kynningarviðburði Tónverkamiðstöðvar, PODIUM, sem haldinn var í Norræna húsinu. Eftir það hófst hin eiginlega tónlistardagskrá og kenndi þar ýmissa grasa, einkum nýspröttinna, en á hátíðinni voru **13** ný íslensk tónverk frumflutt á heimsvísu og 11 tónverk heyrðust í fyrsta sinn á Íslandi. Einnig voru flutt verk sem skotið hafa djúpum rótum í tónlistarlífi Íslands t.d. á heiðurstónleikum með kórverkum Jóns Nordal. Lokatónleikuar hátíðarinnar fóru fram í Hallgrímskirkju 12. mars, þegar flutt var verk Báru Gísladóttur, *Víddir*.



Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti Glerhjalla eftir Svein Lúðvík Björnsson



Svipmyndir frá Myrkum músíkdögum 2022.

PODIUM

Kynningarviðburðurinn PODIUM var unninn að frumkvæði Tónverkamiðstöðvar í samstarfi við Myrkra músíkdaga. Upphaflega átti hann að fara fram árið 2021 en frestaðist til ársins 2022 vegna heimsfaraldursins. Undirbúningur fór þó að megninu til fram á árinu 2021. PODIUM er kynningarviðburður sem miðar að því að kynna verk íslenskra tónskálda og í leiðinni flytjendur. Þessi fyrsti viðburður PODIUM fór fram í Norræna húsinu og samanstóð af ellefu kynningum á verkefnum í íslenski samtímatónlist. Verkefnin sem kynnt eru á PODIUM verða að vera „tilbúin til útflutnings“ þar sem markhópurinn er ekki síst listrænir stjórnendur hljómsveita, tónleikahúsa og hátíða. Aðstandendur verkefnanna útbúa kynningarmyndband og eru verkefnin síðan kynnt á ráðstefnudagskrá Myrkra músíkdaga. Kynnir var Elísabet Indra Ragnarsdóttir og ræddi hún við aðstandendur verkefnanna áður en myndböndin voru sýnd. Myndböndin geta aðstandendur verkefnanna svo nýtt sér í áframhaldandi kynningarstarfi en þau eru einnig birt á Youtube-rás PODIUM þar sem vonir standa til að safnist upp gott yfirlit yfir íslensk samtímatónlistarverkefni.

Verkefnin sem kynnt voru á þessum fyrsta PODIUM-viðburði voru:

(Aðstandandi verkefnis: *Heiti verkefnis*)

Bára Gísladóttir: VÍDDIR

Gunnar Andreas Kristinsson: *The Moonbow Project*

Friðrik Margrétar-Guðmundsson: *Ekkert er sorglegra en manneskjan*

Bergrún Snæbjörnsdóttir: *Ecognosis*

Helgi R. Ingvarsson: *Music and the Brain*

Þórunn Gréta Sigurðardóttir: KOK

Gunnar Karel Másson: SONGS

Hafdís Bjarnadóttir: *From Troll Jazz to Contemporary Knitting Music*

Halldór Smárason: STARA

Sigurgeir Agnarsson: NÁND

Siggi String Quartet: *Atli Heimir Sveinsson's String Quartets*

Verkefnisstjórn PODIUM 2022 var í höndum Valgerðar G. Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar og Ásmundar Jónssonar listræns stjórnanda Myrkra músíkdaga. Valgerður og Ásmundur unnu síðan að undirbúningi PODIUM 2023 en Signý Leifsdóttir, nýr framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar tók síðan við verkefninu í upphafi ársins 2023. Ráðgert er að PODIUM-verkefnið flytjist til nýrrar tónlistarmiðstöðvar þegar hún hefur störf.



ERKITÍÐ 2022

Raf- og tölvutónlistarhátíðin Erkitíð fór fram í Reykjavík dagana 25. til 27. nóvember 2022. Erkitíð var fyrst haldin árið 1994 í tilefni af Lýðveldisafmæli Íslands og hefur frá upphafi lagt áherslu á íslenska raftónlist og nýsköpun á því sviði. Tugir nýrra tónverka hafa verið samin og frumflutt að tilhlutan Erkitíðar. Á hátíðinni voru frumflutt á þriðja tug tónverka frá ýmsum tímabilum íslenskrar raftónlistarsögu. Tónverkamiðstöð var samstarfsaðili hátíðarinnar.

Þorkell Sigurbjörnsson var einn helsti frumkvöðull raftónlistar á Íslandi og var tónlist hans og ævistarf í forgrunni á Erkitíð 2022. Meðal annarra verka var barnaóperan *Rabbi rafmagnsheili* flutt á hátíðinni og stóð Tónverkamiðstöð að tölvusetningu verksins af því tilefni. Einnig efndi hátíðin til samkeppni fyrir ung tónskáld í samvinnu við Tónskáldasjóð RÚV og STEFs, þar sem efniviður tónverka þeirra er tengdur verkum Þorkels.



Frá sýningu á barnaóperunni *Rabba rafmagnsheila* eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

Flytjendur: Skólakór Kársness og Caput undir stjórn Guðna Franzsonar. Mynd: Erkitíð

HLJÓÐVERK 21/22

Salurinn í Kópavogi hafði frumkvæði að því að stofna til tónverkasamkeppni undir heitinu Tónverk 20/21 og í framhaldi var ákveðið að auglýsa eftir tónskáldum til að semja hljóðverk með Salinn og Kópavog sérstaklega í huga. Ingibjörg Friðriksdóttir (INKI), Ríkharður H. Friðriksson, Þórunn Dögg Björnsdóttir, Úlfur Eldjárn og Gunnar Gunnsteinsson voru valin úr hópi tuttugu og átta umsækjenda til að semja hljóðverk fyrir Hljóðverk 21/22. Verkin voru síðan flutt á tónleikum í Salnum og Kópavogskirkju vorið 2022. Tónverkamiðstöð var samstarfsaðili Salarins ásamt Lista- og menningarráði Kópavogs.



x

PÚLS – HLAÐVARP TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Hlaðvörp hafa verið í sókn undanfarin misseri. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að hefðbundin tækifæri til kynningar á íslenskum tónverkum urðu færri sem aftur varð til þess að ákveðið var að ráðast í gerð hlaðvarps Tónverkamiðstöðvar. Hlaðvarpið hlaut heitið PÚLS og fékkst styrkur úr Tónlistarsjóði fyrir hluta kostnaðar við gerð fjögurra hlaðvarpsþátta. Ætlunin var að Myrkir músíkdagar 2021 mörkuðu upphaf PÚLS. Þar sem hátíðin frestaðist til ársins 2022 frestaðist birting fyrstu þáttanna og upphaf hlaðvarpsins til ársins 2022. Fyrsta lota PÚLS er aðgengileg á Spotify. Framkvæmd PÚLS mun flytjast til nýrrar tónlistarmiðstöðvar með öðrum verkefnum Tónverkamiðstöðvar.



DOKTORSVERKEFNI BRAGA ÞÓRS VALSSONAR

Tónverkamiðstöð aðstoðar rannsakendur eftir föngum og veitir m.a. aðgang að handritum og verkum í safni miðstöðvarinnar. Á árinu 2021 vann Bragi Þór Valsson að doktorsritgerð sinni við Stellenbosch-háskóla í Höfðaborg í S-Afríku. Ritgerðin fjallar um *a cappella* kórverk Þorkels Sigurbjörnssonar og veitti miðstöðin aðgang að kórverkum Þorkels í rannsóknartilgangi. Hluti af verkefninu voru tónleikar með trúarlegum kórverkum Þorkels og stofnaði Bragi kórinn Himnasmið sérstaklega til að flytja verkin. Inntökupróf og æfingaferli með yfirbragði heimsfaraldurs stóð yfir árið 2021 en tónleikar voru haldnir vorið 2022. Samhliða þessu gerði Bragi hlaðvarpsþátt um verkefnið og ferlið fyrir PÚLS, hlaðvarp Tónverkamiðstöðvar og fór þátturinn í loftið í maí 2022 og er aðgengilegur á streymisveitum. Tónleikarnir voru einnig hljóðritaðir og sendir út á RÚV veturinn á eftir.



Kórinn Himnasmiður ásamt stjórnandanum, Dr. Braga Þór Valssyni

CLASSICAL:NEXT

Tónverkamiðstöð tók þátt í fagsýningunni Classical:Next sem haldin var í Hannover í Þýskalandi árið 2022. Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar var með bás á sýningarhluta C:N þar sem lögð var áhersla á að vekja athygli á PODIUM, Myrkum músíkdögum og Record in Iceland, endurgreiðsluverkefni stjórnvalda. Stjórnarformaður Tónverkamiðstöðvar sótti ráðstefnuna á leið sinni á aðalfund IAMIC.

SAMRÁÐSHÓPUR TÓNLISTARGEIRANS

Hagaðilar úr tónlistargeiranum hafa fundað sín á milli síðan kórónuveirufaraldurinn skall á og stóð m.a. að skýrslu um áhrif Covid-19 á tónlistargeirann sem kom út árið 2020. Hópurinn hefur átt í samtali við stjórnvöld og verið til ráðgjafar um málefni er varða tónlistargeirann, m.a. viðspyrnuaðgerðir og stofnun Tónlistarmiðstöðvar. Tónverkamiðstöð var boðið til samtalsins í nóvember 2021 en aðrir í hópnum eru: STEF, ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT, klassísk deild FÍH), Tónskáldafélag Íslands, Félag tónskálda- og textahöfunda, Tónlistarborgin Reykjavík, Bandalag íslenskra tónleikahaldara (BÍT), Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), Félag hljómplötuframleiðenda (FHF), Tónleika- og ráðstefnuhúsið Harpa.

FÉLAG HLJÓMPLÖTUFRAMLEIÐENDA

Í eina tíð stóð Íslensk tónverkamiðstöð fyrir hljóðritunum og útgáfu á verkum íslenskra tónskálda á hljómplötum og geisladiskum. ÍTM er útgáfumerki Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og eru þær útgáfur sem miðstöðin stóð fyrir nú aðgengilegar á streymisveitum. Síðasta útgáfuár miðstöðvarinnar var árið 2010 en ÍTM fer með útgáfurétt á mikilvægu safni hljóðritana. ÍTM hefur í mörg ár verið með fulla aðild að Félagi hljómplötuframleiðenda en breytingar voru gerðar á reglum og skilyrðum um félagsaðild á aukaaðalfundi félagsins árið 2021. Þær gera það að verkum að ÍTM er sjálfkrafa með aukaaðild og hefur ekki möguleika á fullri aðild.



Frá aðalfundi IAMIC í Bonn í maí 2022

IAMIC

Tónverkamiðstöð er aðili að Alþjóðasamtökum tónverkamiðstöðva (IAMIC). Valgerður G. Halldórsdóttir sat í stjórn samtakanna frá árinu 2019 til 2022 og gegndi þar embætti féhirðis (treasurer). Greitt er árgjald til samtakanna en stjórnarseta er ólaunuð. Meðlimir í IAMIC eru 35 frá 34 löndum (sjá iamic.net) sem vinna að því að byggja upp og viðhalda alþjóðlegu tengslaneti innan samtímatónlistar. Á árinu var samþykkt nafnbreyting á samtökunum. Þau munu áfram heita IAMIC en fullt heiti er International Association of Music Centres.

Opinbert aðsetur IAMIC er í Brussel en skrifstofa samtakanna hefur verið í Dublin á Írlandi síðan árið 2021 og er hýst hjá írsku tónverkamiðstöðinni (Contemporary Music Center). Stjórnar- og félagsfundir IAMIC voru haldnir á línis árið 2022 utan aðalfundar samtakanna sem fór fram í Þýskalandi í apríl 2022, í beinu framhaldi af Classical:Next kaupstefnunnar.

Vegna fyrirhugaðrar stofnunar Tónlistarmiðstöðvar og breytinga á starfsemi Tónverkamiðstöðvar samhliða því, tilkynnti Valgerður að hún myndi hætta í stjórn IAMIC á aðalfundi samtakanna 2022. Þar sem viðamikil verkefni á ábyrgð féhirðis voru í farvatninu óskaði Valgerður einnig eftir að láta af störfum sem féhirðir samtakanna til að tryggja samfellu í rekstri IAMIC. Valgerður sat áfram sem stjórnarmaður fram að aðalfundinum. Vegna fyrirhugaðra breytinga og – á þessum tíma – óvissu um rekstur og starfsmannahald Tónverkamiðstöðvar þar sem rekstrarstyrkur var ekki í höfn, lagði framkvæmdastjóri til að stjórnarformaður miðstöðvarinnar, Gunnar Andreas Kristinsson, myndi sækja Classical:Next og aðalfund IAMIC í sinn stað, ekki síst til að vera betur í stakk búinn til að fylgja málum IAMIC eftir inn í nýja tónlistarmiðstöð.

Þýska tónverkamiðstöðin MIZ, Deutsches Musikinformationszentrum var gestgjafi aðalfundar IAMIC 2022 ásamt ráðstefnu og tónlistardagskrár sem haldin var í tengslum við fundinn. Dagskráin var hin glæsilegasta en hún hafði upphaflega átt að fara fram árið 2020 í tengslum við fæðingarafmælisár Beethoven. Á aðalfundinum var Valgerður G. Halldórsdóttir gerð að heiðursfélaga IAMIC. Skoða má myndrænt yfirlit frá viðburðinum á heimasíðu MIZ (miz.org) og eru myndirnar á síðunni hér á undan fengnar þaðan.

Stjórn IAMIC starfsárið 2022-2023 er þannig skipuð:

Diana Marsh, forseti – SOUNZ, Nýja-Sjálandi

Stephan Schulmeistrat, varaforseti – MIZ, Deutsches Musikinformationszentrum, Þýskalandi

Jonathan Grimes, ritari – CMC (Contemporary Music Centre), Írlandi

Agnieszka Cieślak-Krupam féhirðir – POLMIC (Polskie Centrum Informacji Muzycznej), Póllandi

Frank J Oteri – New Music USA, Bandaríkjunum

Deborah Keyser – Tŷ Cerdd – Music Centre Wales, Wales

Radvilė Buivydienė, MICL, Litháen



Frá STATUS-fundi í Kaupmannahöfn í apríl 2022

STATUS

STATUS er samstarfsvettvangur miðstöðva og aðila sem starfa í samtímatónlist á Norðurlöndum. Árið 2021 hafði danska samtímatónlistarmiðstöðin Art Music Denmark frumkvæði að samvinnu fulltrúa norrænna miðstöðva í samtímatónlist með það fyrir augum að framkvæma könnun á landslagi samtímatónlistar á Norðurlöndum. Þátttakendur eru: Art Music Denmark (Danmörk), Tónverkamiðstöð (Ísland), UTOM-Unga tankar om musik (Svíþjóð), Music Norway (Noregur) og Music Finland (Finnland). Verkefnið – og hópurinn – hlaut heitið STATUS en er þó fyrst og fremst hugsað sem upphaf norrænnar samvinnu með það að markmiði að greina þá þætti í umhverfi samtímatónlistar sem helst brenna á þeim sem starfa í þessum geira á Norðurlöndum. Heimsfaraldur setti svip sinn á samstarfið en í upphafi var ráðgert að hittast einu sinni í hverju Norðurlandanna. Þess í stað hélt STATUS-hópurinn nokkra fjarfundi á árinu 2021 og framan af ári 2022 þar sem hann skipulagði aðferðafræði og framgang verkefnisins. Verkefnið var unnið í samstarfi við danska fyrirtækið Bespoke Copenhagen sem þróað hefur aðferð til gagnasöfnunar, lesturs og greiningar á viðamiklum málefnum. Aðferðafræðin í könnuninni byggir á að safna svonefndum *merkjum* (e. signals) úr umhverfi hvers Norðurlandanna og greina þau með aðferðum framtíðarfræða. Verkefnið hlaut styrk frá Nordisk Kulturfond og Augustinus Foundation.

Eftir að hafa safnað merkjum úr nærumhverfi þátttakenda hittist STATUS-hópurinn á vinnustofu í Kaupmannahöfn vorið 2022, flokkaði og vann úr þeim merkjum sem safnast höfðu. Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslunni *STATUS – A preliminary investigation into the environment of contemporary and classical music in the Nordic countries*. Ritstjórar voru Catherine Lefévre (Art Music Denmark) og Valgerður G. Halldórsdóttir (Tónverkamiðstöð). Niðurstöðurnar eru settar fram sem *vísbendingar* (e. insights) um málefni sem brenna á samtímatónlistarheiminum á Norðurlöndum.

Skýrslan og vísbendingarnar eru aðgengilegar á vefsíðunni nordicstatus.org og á síðunni Nordic Status á Facebook. Þar má finna sautján vísbendingar (insights) sem hver um sig inniheldur tvö til þrjú merki (signals) um málefni sem ýmist eru áhugaverð eða beinlínis nauðsynleg í umræðu um og innan geira samtímatónlistar á Norðurlöndum.

Hópurinn hittist aftur í Kaupmannahöfn í desemberbyrjun til að hnýta endahnútinna á skýrsluvinnuna og til að ræða áframhaldandi samstarf og rannsóknarmöguleika. Eftir að hafa melt skýrslugerðina, samtalið og tengslin sem myndast hafa var hópurinn sammála um nauðsyn þess að tengslanet á borð við STATUS-hópin væri til og ræddi um áframhaldandi samstarfsverkefni. Ákveðið var að hópurinn hittist að minnsta kosti einu sinni á ári – næst í Stokkhólmi vorið 2023 til að ákveða ný samstarfsverkefni.

INSIGHT 06

Inclusion & social impact of contemporary music

There are many ways of addressing topics of inclusion and social impact, but in the signals, we encounter a diversified and proactive way of dealing with and recognizing these important features. These ways are for instance represented both by Ukrainian refugees being welcomed by The Goldschmidt Music Academy and by engaging audiences through hashtags and other social media activities.

Ójeblik | augnablik | ögonblick | øyeblikk | hetki

Naturally, like everywhere in society, the topics of inclusion and social impact are very important in the field of art music everywhere in the Nordics. These topics are being treated in numerous ways, and embrace the actual, global situation calling for inclusion after pandemic times, #me-too and movements on a general scale about inclusion such as Black Lives Matter.

INSIGHT 08

Networking

Networking remains a crucial and vital force both between the Nordics and on a broader scale. Networking touches all activities and naturally sets the scene for developing collaborations, from the possibility of a new music cluster in Reykjavik to more involvement from the music export offices in the Nordic Music Days. Stressing the importance of networking is also a way to put forward the importance of exchange and collaboration.

Ójeblik | augnablik | ögonblick | øyeblikk | hetki

Networking has been affected by the Covid-pandemic like the STATUS network has experienced first-hand. Taking global environmental issues into account, it would be interesting for the future to investigate and try out an alternative approach for networking - especially when it comes to meetings, conferences etc.

Tvær af vísendingunum sem koma fram í skýrslu STATUS-hópsins,
*STATUS – A preliminary investigation into the environment of
contemporary and classical music in the Nordic countries.* (nordicstatus.org)



ÁRSREIKNINGUR 2022